


Deiliskipulag Kvosarskipulags samþykkt 01.10.1987 með breytingum á Hafnarstætisreit. mkv. 1:1000




Skýringarmynd - Kvosarskipulag




Hluti úr aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030
- staðsetning breytingar.

**GREINARGERÐ MEÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI**

Gildandi er deiliskipulag Kvosar sem samþykkt var 1. október 1983, breytt deiliskipulag Hafnarstrætisreits samþykkt 12. apríl 2017 og aðliggjandi deiliskipulag Austurhafnar samþykkt 18.05.2006 (með nokkrum áorðnum breytingum). Gerð er breyting á deiliskipulagi vegna torgsvæðis við Steinbryggju, þar sem steinlögn gömlu Steinbryggjuna (upphaflega gerð 1884 og löguð 1893) er gerð að hluta göngusvæðis.

Mörk deiliskipulags Kvosarinnar eru færð 7 m í austur þannig að þau liggja 3 metra frá lóðamörkum deiliskipulags Austurhafnar. Deiliskipulag Austurhafnar minkar þannig um 451 m² og er sú breyting auglýst samhliða. Er þetta gert í samráði við skipulagshöfunda Austurhafnar.

Svæði sem breytingin tekur yfir nær frá þessum nýju mörkum deiliskipulags Austurhafnar að húsvegg Tryggvagötu 19, Tollstöðvarinnar. Stærð breytingarsvæðis er 935 m².

Á breytingaruppdrætti eru sýnd afmörkun gömlu Steinbryggjunnar eins og hún var mæld við uppgröft í september 2018. Torgsvæði umhverfis Steinbryggjuna verður hluti af torg/göngusvæði nærliggjandi svæða Austurhafnarskipulags. Frá Geirsgötu er reiknað með akstri inn í bílageymslur undir byggingum Austurhafnarsvæðisins. Einnig verður leyfður takmarkaður innakstur vegna aðkomu þjónustubíla og skal gera ráð fyrir því við hönnun torgsvæðisins.

Torgið umhverfis Steinbryggjuna skal vera miðborgartorg með götutrjám, götugögnum og vandaðri lýsingu. Gamla Steinbryggjan skal vera mikilvægur hluti af torginu.

Að öðru leyti gilda skilmálar deiliskipulags Kvosarinnar, samþykkt í borgarráði 1. október 1983.




Tillaga að breyttu skipulagi Kosarinnar, 05.nóvember 2018, mkv. 1:1000

SKÝRINGAR

| | |
|---|---|
| Mörk deiliskipulagsbreytingar | |
| Mörk deiliskipulags að skipulagi Austurhafnar | |
| Mörk deiliskipulags Hafnarstrætisreits | |
| "Steinbryggja" - fornminjar gerðar að hluta af torgi | |
| Torgsvæði / göngugötur | |
| Takmarkaður akstur | |
| Mörk lóða | |

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í Borgarráði
þann 10. jan. 2019 og í embættisafgr. skipulagsfulltrúa
þann 8. mars 2019.

Tillagan var auglýst frá 21. jan. 2019
með athugasemdafresti til 4. mars 2019.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt
í B-deild Stjórnartíðinda þann ________ 20__.

KVOSARSKIPULAG

Deiliskipulagsbreyting götu milli Tryggvagötu og Geirsgötu
Breytt að hluta í göngugötu/torg vegna minja; "Steinbryggju".

REYKJAVÍKURBORG

LANDMÓTUN HAMRABORG 12 - 200 KÓPAVOGUR - SÍMI: 575 5300 - FAX: 554 5360 - NETFANG: landmotun@landmotun.is

| | | |
|---|---|---|
| DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR | SKIPULAG: ÁT<br>TEIKNAÐ: ÁT<br>SAMÞYKKT<br>KT. | |
| KVARÐI 1: 1000 A2 | KÓPAVOGUR | dags. 05. nóv 2018. |
| VERKNR. | TEIKN. NR. | BR. |
| 0000-DG1803 | 001 | |